

### Hagnaður ársins 1.866 milljónir króna

Hagnaður Lánasjóðs sveitarfélaga nam 1.866 milljónum króna á árinu 2023 samanborið við 1.260 milljónir króna á árinu 2022. Hreinar vaxtatekjur í ár aukast um 25% á milli ára, sem rekja má til verðbólgu og hækkun stýrivaxta.

Heildareignir sjóðsins í lok ársins voru 200 milljarðar króna en voru 181 milljarðar í árslok 2022 sem er aukning um 11%. Heildarútlán sjóðsins námu 191 milljörðum króna í lok ársins samanborið við 170 milljarða í árslok 2022.

Markaðsverðmæti verðbréfaútgáfu nam 18,8 milljörðum króna samanborið við 12,3 milljarða króna á árinu 2022.

Eigið fé nam 22,7 milljörðum króna en var 20,9 milljarðar í árslok 2022. Vegið eiginfjárhlutfall samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki er 416% með fullri mildun. Í árslok 2022 var hlutfallið 537%. Lánasjóðurinn nýtir sér mildunarákvæði við eiginfjáruþreikninga vegna útlána til sveitarfélaga í íslenskum krónum sem eru með veð í tekjum sveitarfélaga.

Stjórn sjóðsins leggur til að á árinu 2024 verði hluthöfum ekki greiddur út arður vegna afkomu ársins 2023 til að styrkja stöðu sjóðsins og tryggja vöxt eigin fjár.

Rekstur ársins	2023	2022	2021	2020	2019
Hreinar vaxtatekjur.....	1.559	1.251	686	803	982
Aðrar rekstrartekjur .....	588	279	102	200	27
Almennur rekstrarkostnaður.....	282	270	252	220	214
<b>Hagnaður ársins.....</b>	<b>1.866</b>	<b>1.260</b>	<b>536</b>	<b>783</b>	<b>795</b>

### Efnahagur 31. desember

Handbært fé.....	846	2.863	788	4.349	4.956
Ríkisbréf og ríkisvixlar.....	5.988	7.334	7.210	3.031	817
Markaðsverðbréf.....	2.442	265	167	448	411
Útlán og kröfur.....	190.762	170.229	159.876	135.722	110.653
Aðrar eignir.....	92	87	46	44	202
<b>Eignir samtals.....</b>	<b>200.130</b>	<b>180.778</b>	<b>168.087</b>	<b>143.593</b>	<b>117.040</b>
Verðbréfaútgáfa.....	174.170	158.290	146.577	122.529	95.275
Aðrar lántökur.....	2.976	1.510	1.810	1.905	3.395
Aðrar skuldir og skuldbindingar.....	261	120	102	97	91
<b>Skuldir samtals.....</b>	<b>177.407</b>	<b>159.920</b>	<b>148.490</b>	<b>124.532</b>	<b>98.761</b>
<b>Eigið fé.....</b>	<b>22.727</b>	<b>20.858</b>	<b>19.598</b>	<b>19.062</b>	<b>18.278</b>
CAD- hlutfall m/hefðbundinni mildun.....	53%	56%	56%	61%	70%
CAD- hlutfall m/fullri mildun.....	416%	537%	630%	454%	392%
Vogunarhlutfall.....	11%	12%	12%	13%	16%

### Framtíðarhorfur

Lánasjóður sveitarfélaga væntir þess að eftirspurn eftir útlánum verði svipuð í ár og var árið 2023. Vonir standa til að lánskjör batni þegar líður á árið en ekkert er öruggt í þeim efnum. Lánasjóðurinn mun starfa í grundvallaratriðum svipað og undanfarin ár þar sem unnið hefur verið að eflingu á starfsemi hans og betri þjónustu við sveitarfélögin með því að nýta gott lánstraust sjóðsins til að uppfylla meginhlutverk hans.